

89 skal jafnframt og jeg get þess, að jeg hef eptir ósk sýslumannsins beðið landfógetann að senda 31. júlí. honum helminginn af láninu, eða 5000 kr., með þessari póstferð í peningum, biðja yður að leggja fyrir sýslumanninn að senda hingað sem fyrst skuldabrief fyrir láninu, samið eptir uppkasti sem landfógetinn mun senda honum beina leið með peningunum.

90 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um inn-
2. ágúst. heimtu sektar hjá Þjóðjarðarlandseta. — Þjer hafið, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi 18. f. m. beiðst leiðbeiningar minnar um það, hvort höfða þurfi mál til að ná inn 10 kr. sekt til fátækra, sem fallin er á ábúanda einn á umboðsjörð samkvæmt 12. gr. í byggingarbrjefum Þjóðjarða, ef hann greiðir eigi sektina á rjettum tíma, eða hvort hann, þar sektin sje ákveðin með yfirvaldsúrskurði, eigi að afplána hana.

Út af þessu læt jeg ekki hjálíða þjónustusamlega að tjá yður, að með því að heimildin til sektar þeirrar, er hjer ræðir um, liggur í samningi milli ábúanda og hins opinbera (byggingarbrjefi), þá verður að höfða mál til lúkningar henni.

91 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um sölu á
2. ágúst. fangelsinu á Húsavík. — Í þóknanlegu brjefi 21. apríl þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, spurst fyrir um það, hvort yður beri að gjöra nokkra ráðstöfun til sölu á fangelsinu á Húsavík, samkvæmt lögum 28. sept. 1882, fyr en þjer fáíð beinlínis skipun landsstjórnarinnar til þess.

Útaf þessu skal jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, eptir að jeg hef borið spurningu þessa undir ráðgjafann, að með því að fangelsi það, sem hjer ræðir um, er eign jafnaðarsjóðs norður- og austuramtsins, þá er það á valdi amtsráðsins, að ákveða hve nær uppboðið skal haldið, og hverjir vera skulu söluskilmálarnir.

92 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um tollafgreiðslu skipa sem
3. ágúst. koma frá utanrikishöfnum. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 20. júní þ. á., vil jeg hjermeð þjónustusamlega biðja yður að sjá um, að það verði brýnt fyrir lögreglustjórunum að þess beri ávallt að gæta við tollafgreiðslu skipa samkvæmt 2. gr. í tilskipun 26. febr. 1872, um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, að krafizt sje af skipstjóra vottorðs þess uppá æru og samvizku, er getur um í 2. málsgrein nefndrar lagagreinar, og að ávallt skuli beita ákvörðuninni í 3. gr. nefndrar tilskipunar um rannsókn á farminum við skip, sem koma frá eða hafa á leiðinni til Íslands komið við á utanrikishöfnum, ef nokkur efi leikur á um, að rjett sje sagt til um tollskyldar vörur í skipinu.

93 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um líu til að afstýra
8. ágúst. hallæri. — Það tilkynnist yður hjermeð, herra sýslumaður, að jeg samkvæmt lofordi mínu í brjefi 27. marz þ. á. og eptir að mjer hefur borist samþykki hlutadeigandi amtsráðs til þess, hef veitt sýslunefndinni í Húnavatnssýslu 6500 kr. lán úr viðlagasjóði til að afstýra hallæri í sýslunni gegn því, að af láni þessu verði greiddir 4 af hundraði á ári

í vöxtu og það endurgreitt á 10 árum með 650 kr. árlega, eða með þeim skilyrðum, **93**
sem sett verða, þegar búið er að ræða málið á alþingi, og hef jeg beðið landfógetann að **8. ágúst.**
útborga yður upphæð lánsins gegn því að þjer útgefið og afhendið honum fyrir hönd
sýslunefndarinnar lögformlegt skuldabréf fyrir því, er samið sje samkvæmt ofansögðu.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu **94**
um lán til stofnunar búnaðarskóla fyrir Múlasýslur. — Með brjefi þessu veitti lands- **25 ágúst.**
höfðingi samkvæmt heimild þeirri, er gefin er í niðurlagsákvörðun fjárlaganna fyrir 1882
og 1883, Norðurmúlasýslu 8500 króna lán úr viðlagasjóði, til að stofna búnaðarskóla
handa báðum Múlasýslum, þannig að lán þetta yrði endurborgað og ávaxtað með 6 af
hundraði á ári í 28 ár.

Skýrsla

95

um fund amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 31. maí og 1. júní 1883.

Ár 1883, 31. dag maím. var fundur amtsráðsins í norður- og austuramtinu
settur á Akureyri af forseta ráðsins, settum amtmanni J. Havsteen, með amtsráðsmönn-
unum sjera Arnljóti Ólafssyni og umboðsmanni Einari Ásmundssyni.

Á fundinum voru tekin til meðferðar og umræðu þau mál, er hjer eru talin:

1. Landshöfðinginn yfir Íslandi hafði í brjefum 23. nóvbr. og 7. desbr. f. á. skorað á
amtman að leita álits amtsráðsins um það, hverjar ráðstafanir myndu nauðsynlegar
eða hagkvæmar til þess að koma í veg fyrir hallæri það, sem fyrirsjáanlegt væri á
árinu 1883 í sveitum þeim, þar sem bændur vegna fódurskorts hefðu orðið að lóga
fjárstofn sínum að miklu eða mestu leyti. Með því amtsráðsfundur var nýlega af-
staðinn, þá er brjef þessi bærust hingað, þar forseti ráðsins sig brjeflega saman við
meðlimi amtsráðsins um þetta málefni. Það var samhuga álit ráðsins, sem það ljæt
uppi í febr. þ. á., að það gæti eigi betur sjæð, en að afleiðingum fjárfækkunarinnar
á árinu 1882 mundi að mestu leyti verða afstýrt með því að verja sem bezt á kom-
anda sumri því fje, sem enn stæði eptir óeytt af samskotagjöfunum í Danmörk; en
skyldi hin sama ótíð aptur koma, sem gekk yfir landið í fyrra, og hafisar aptur
leggjast að landinu, væri ekki annað fyrir, en að sýslunefndirnar leituðu lána úr
viðlagasjóðnum; með þessu fyrir augum hefur forseti ráðsins lagt það til við lands-
höfðingja, að útveguð verði á næsta alþingi með fjárukalögum heimild til þess að
veita þeim sýslunefndum, sem færu þess á leit, lán úr viðlagasjóði með svo vægum
kjörum, sem unnt væri. (Framhald í næsta tölublaði).

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1882 og 1883

10. gr. C. 4.

veitti landshöfðingi samkvæmt tillögum amtsráðsins í suðuramtinu

- a. búnaðarfjelagi suðuramtsins 1566 kr. 66 a. með því skilyrði, að það selji án nokkurs ágóða fyrir
fjelagið jarðyrkjuverkfæri þau, er það árlega útvegar frá útlöndum og hefur á boðstólum handa
þeim, sem vinna vilja að jarðabótum.
- b. búnaðarfjelögnum í Hálsahreppi og Andakylshreppi 100 krónur hvoru til að kaupa fyrir jarðyrkju-
verkfæri

ennfremur:

1000 krónur til að kosta búfræðing til að vera verkstjóri við flóðgardahleðslu fyrir Safarmýri og til þess
jafnframt að segja fyrir um stíflu og framræslu Hróarsholtslækjar,